

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973,
með síðari breytingum.

1. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 2 500.00 á hemil á mánuði.

Vatnsgjald er kr. 4 500.00 fyrir hvern lítra á mínútu á mánuði.

1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl

Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

9. maí 1980.

Nr. 246.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977,
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

A og B liðir orðist svo:

A. Samkvæmt magnhemli kr. 14 563.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

B. Samkvæmt vatnsmæli kr. 728.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Jöfnur sem gilda um útreikning á heimæðagjaldi á a, b og c lið verði sem hér segir:

$$A. H = 520\,109 + 567 \times V$$

$$B. H = 780\,163 + 851 \times V$$

$$C. H = \frac{H_n}{520\,109 \times n + 567 \times V_n} \times (520\,109 + 567 \times V)$$

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrsta málsgrein orðist svo:

Hitaveitugjöld skv. gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1980, 435 stig.